



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á málþinginu  
„Hvernig getur samfélagið  
stuðlað að bættri velferð ungs fólks?“  
á vegum Nordens Vælfærðscenter  
og Vinnumálastofnunar**

**Norræna húsinu  
27. október 2016**

*Í ávarpi forseta var að mestu stuðst við eftirfarandi kafla úr ritgerð  
nemanda hans í námskeiði í sagnfræði við Háskóla Íslands árið 2014 um  
bankahrunið 2008:*

Ég hef ekki skrifað ritgerð svo árum skiptir. Er ekki viss um að  
ég kunni það lengur. Kemur í ljós. Er hins vegar með  
„háskólagráðu“ í langtímaatvinnuleysi. Var án vinnu í heil fjögur ár.

...

Þung voru sporin að skrá sig atvinnulausan. Löng biðin og allur  
mannfjöldinn í gömlu húsakynnum Vinnumálastofnunar við  
Engjateig tóku á taugarnar. Sat lengi vonlaus með miðann minn í  
hendi hugsu yfir þegar ég var þarna síðast vorið 2006 ... Þá var  
þarna varla hræða og mun færri starfsfólk og jákvæðara um horfur á  
að fá annað starf. Fyrsta mál á dagskrá var stutt námskeið um  
réttindi og skyldur og smá kennsla í að búa til ferilskrá. ...

Fyrsta árið án vinnu leið furðu hratt. Ég sótti um auglýst störf í  
gríð og erg án þess að fá svo mikið sem svar hvað þá boð um viðtal.  
Dró fljótt úr manni kraft að fá engin viðbrögð. En þeim sem auglýstu  
var vorkunn því svo margir sóttu um að nær óvinnandi vegur var að

fara í gegnum bunkann. Einstaka sinnum fékk ég sendan staðlaðan tölvupóst merktan „því miður“ eða símtal sama efnis. Þótti mér vænt um það. Sýndi að viðkomandi var með sál. Fyrstu jólin á bótum voru frekar döpur ...

Vinumarkaðsaðgerðir hófust fljótlega með samvinnu sveitarfélaga og fyrirtækja í landinu. Og tók ég þátt í þeim öllum eins og ég var skyldugur til samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar. Annars átti ég í hættu á að vera sparkað af bótum. Viljinn og áhuginn var mikill í fyrstu en fór dvínandi þegar dvöl á bótum breyttist úr mánuðum í ár.

Yfirvöld fundu með reglulegu millibili upp á einhverjum átökum til að koma okkur ræflunum af bótum og í vinnu. Langtímaatvinnuleysi var óþekkt hér á landi og engin reynsla af slíku. Á sumrin var þessum aðgerðum spyrnt saman við störf sem sköpuð voru fyrir námsmenn á háskólastigi. Tómur feluleikur þar sem við komum varla til greina í störfin en almannatengslin virkuðu í fjölmiðlum. Leit þannig út eins og verið væri að gera eitthvað fyrir atvinnuleitendur. ...

Svona gekk þetta meira og minna öll fjögur árin. Ég fór flesta daga yfir auglýst störf og sótti um þau sem ég taldi mig geta leyst af hendi miðað við fyrri reynslu og menntunarstig. Sótti jafnvel um hjá fyrirtækjum sem voru ekki að leita eftir starfskröftum. Bara upp á von og óvon eins og ráðgjafar Vinnumálastofnunar sögðu mér að gera. Að vera með alla öngla úti. Aldrei að vita nema yrði bitið á einhvern þeirra. Það gerðist reyndar aldrei.

Það komu tímabil þar sem ég nennti ekki að vera atvinnuleitandi og gaf því langt nef. Gátu stundum liðið vikur eða mánuðir milli umsókna. Þá var ég orðinn of þægilega sáttur við ástandið og leið nokkuð vel með það. ...

Að missa vinnuna og þurfa að venjast enn lægri innkomu gerði mér margt gott. Til að mynda lærði ég aftur að fara með peninga. Eitthvað sem ég hafði glatað í uppganginum og óheftum aðgangi að yfirdráttarheimildum og greiðslukortum fyrir hrun. Fór að versla öðruvísi og horfa í aurinn í stað þess að kasta krónunni. Hætti að safna skuldum og skilaði greiðslukortinu. Missti yfirdráttinn og fæ hann vonandi aldrei aftur. Greiði núna allt út í hönd og set ekkert á raðgreiðslur. Gott mál! Annar kostur var að fá tíma til að anda. Stund milli stríða til að stokka spilin og gefa á ný. Hugsaði mikið þessi ár og tókst á við sjálfan mig. Fór að halda óreglulegar dagbækur eftir fyrsta árið á bótum. ...

Skrifin voru aðferð mín til að halda geðheilsunni. Gera upp tilbreytingarlausu daga. Hafa eitthvað fyrir stafni. Hinn kosturinn var að hugsa mig út í horn og fá kvíðakast. Fara á lyf í kjölfarið og verða flatur í kollinum og án alls frumkvæðis. ...

Að vera án vinnu var þó ekki alltaf dans á rósum. Suma daga var ekki þess virði að fara á fætur og ég svaf þá af mér með útvarpið lágt stillt í bakgrunni og dregið fyrir glugga. Svaraði helst ekki símanum. Ekki það að hann léti öllum illum látum með atvinnuveitendur á hinum enda línunnar. ...

Að mæta í fjölskylduboð gat orðið kvöl og þína. „Ertu ekki enn kominn í vinnu?“ spurði frænka. „Ertu ekkert að gera í þínum málum?“ hreytti frændi út úr sér hálfpirraður. „Nóg af störfum í helgarblöðunum,“ áréttaði annar bróðir minn með vandlættingarsvip, ... Fólk skyldi ekki hvernig fullfrískur maður gat setið heima og þegið batur frá ríkinu sem nota bene voru greiddar með sköttunum þeirra. Gilti einu þó ég greiddi skatta til baka af því smælki sem ríkið skammtaði mér í gegnum krepptan hnefa. Vonlaust var fyrir mig að sigrá rökræður við „góða“ fólkið sem var enn með vinnu.

Að vera atvinnulaus í lengri tíma gerir mann ósjálfrátt þátttakanda að vissri undirmenningu sem venjulegt fólk með næg fjárráð kannast ekkert við. Einn miðvikudag í mánuði fór ég ásamt tveimur öryrkjavinum mínum að betla mat hjá Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálpinni. Annar þeirra átti bíldrúslu og við slógum saman í bensín á hana. Á þessum stöðum fengum við mjólk, brauð, smjör, álegg, grænmeti, ávexti og niðursuðudósir. Stundum frosinn fisk eða kjöt ef við vorum heppnir. Ég hefði aldrei þorað einn í langar biðraðirnar. Var visst öryggi í að fara með öðrum. Deila skömminni yfir því að neyðast til að ganga með betlistaf í hönd. Jóláaðstoðina þurftum við að sækja um sérstaklega í tíma með bótaseðla þriggja síðustu mánuða og afrit af skattskýrslu. Sanna að við værum vesalingar sem værum upp á mataraðstoð komnir. Eins og einhver geri það að leik sínum að biðja um matargjafir hjá hjálparsamtökum. Leið alltaf illa eftir þessar heimsóknir. Fannst ég hafa selt hluta af sálu minni. Tapað einhverju. Orðið minni maður fyrir vikið.

Lokaorð:

Upphaflega ætlaði ég að skrifa frekar fræðilega og tölfræðihlaðna ritgerð um atvinnuleysið í kjölfar bankahrunsins. Leiðinlegasta lestur allra tíma. ... Takk fyrir að leyfa mér að nota

reynslu mína sem langtímaatvinnuleysingi í ritgerðina! Gerði mér gott. Vonandi nýtist hún í hrunbanka námskeiðsins.

*Mínar athugasemdir: Flott ritgerð, ...! Vonlaust að gefa henni einkunn, eða erfitt! Hefðir mátt liggja aðeins betur yfir henni, fínþússa, en kannski hún hefði þá misst hráa yfirbragðið sem er svo töff hér. Þú ættir að íhuga að birta hana einhvern veginn, t.d. á vefmiðli. Skal hjálpa til með það ef þú vilt.*

Höfundur ritgerðarinnar leyfði mér að lesa þessa búa úr ritgerð hans hér. Hann er núna í starfi sem hann kann vel við og heldur áfram námi eins og aðrar annir leyfa.